

## 2. gr.

Dóknun fyrir rekstur stöðvar, þar sem þjónustutími er 4 klst. á virkum dögum er, sem hér segir, sbr. þó 3. gr.:

1. Föst mánaðarþóknun kr. 10 000.00 fyrir stöðvar þar sem þjónustutími er 4 klst. á virkum dögum og hafa 10 símnotendur og fleiri, en kr. 8 000.00 fyrir stöðvar þar sem þjónustutími er 4 klst. á virkum dögum og hafa færri en 10 símnotendur.
2. Greiða skal kr. 13.00 fyrir hverja útfarna mínútu í símtölum og kr. 39.00 fyrir hvert útfarið símskeyti og eru þjónustusímtöl, þjónustuskeyti og veðurskeyti þá ekki meðtalin.

Við ofanefnda heildarþóknun, sem greiðist frá 1. janúar 1974 samkv. gildandi kaupgreiðsluvísitölu á hverjum tíma, bætist orlofsfé, samkvæmt orlofslögum. Í þóknuninni er innifalin greiðsla fyrir húsnæði, ljós, hita og ræstingu, svo og forföll.

## 3. gr.

Dóknun samkvæmt 1. og 2. gr. skal hækka samsvarandi þeim grunnkaupshækkunum er verða hjá opinberum starfsmönnum.

Greiða skal verðlagsuppbót á alla þóknun samkvæmt reglugerð þessari eftir kaupgreiðsluvísitölu er kauplagsnefnd reiknar. Við setningu reglugerðarinnar er miðað við kaupgreiðsluvísitölu 159.16 stig.

## 4. gr.

Póst- og símamálastjórnin setur nánari ákvæði um rekstur ofanefndra stöðva, eftir því sem nauðsynlegt þykir.

## 5. gr.

Reglugerð þessa skal endurskoða annað hvort ár.

Verðir verulegar breytingar á starfsskilyrðum einhverra nefndra stöðva eða um aðrar svipaðar stöðvar verði að ræða, áður en næsta heildarendurskoðun reglugerðarinnar fer fram, ákveður Póst- og símamálastjórn til bráðabirgða fyrirkomulag og rekstrarþóknun slíkra stöðva.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 8. gr. laga nr. 8 9. janúar 1935, um stjórn og starfrækslu póst- og símamála, til þess að öðlast þegar gildir og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi numin fyrri reglugerð, nr. 206 22. október 1971, um sama efni.

*Samgönguráðuneytið, 10. júlí 1974.*

**Magnús T. Ólafsson.**

*Brynjólfur Ingólfsson.*

## AUGLÝSING

## um friðland í Húsafellsskógi.

Samkvæmt heimild í 24. gr. laga nr. 47/1971, um náttúruvernd, hefur Náttúruverndarráð fyrir sitt leyti ákveðið að friðlýsa hluta Húsafellsskógar í Borgarfirði og er svæðið friðland.

Mörk friðlandsins eru þessi:


- (1) Með landamerkjagirðingu milli Húsafells II og III, frá hornstaur nálægt gömlu Kaldárbrú og eins og hún liggur austan þjóðvegur að þjóðvegi við Fjánhól.
- (2) Síðan með nýgirðingu sunnan þjóðvegur meðfram Geitá að afréttargirðingu á móts við Hlíðartún, (3) og áfram suður að Hlíðartúni. (4) Þá til vesturs með

norðurkanti Hlíðartúns að skógarmörkum Múlaskógar, en (5) þaðan með nýgirðingum suðvestur í Lambahvamm sunnan Selgils og (6) áfram vestur að Kaplahvamm við Nátthagatún og (7) með Nátthagatúngirðingu að Eyrarhliði. (8) Þaðan með girðingu í hornstaur við Kaldárbrú.

Um svæðið gilda þessar reglur:

1. Mannvirkjagerð, jarðrask og breytingar á landi eru háð leyfi Náttúruverndarráðs og landeiganda.
2. Almennungi er heimil för um svæðið og dvöl þar í lögmætum tilgangi, enda sé góðrar umgengni gætt.
3. Bannað er að skerða gróður, skaða dýralíf, spilla vatni eða skemma jarðmyndanir að óþörfu.
4. Akstur er leyfður á vegum og merktum slóðum, en þess utan aðeins með sérstöku leyfi.
5. Beit búfjár er óheimil á friðlandinu. Rekstur afréttarfjár gegnum friðlandið er bannaður.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga.



Ráðuneytið samþykkir hér með friðlýsingu þessa, og tekur hún gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum.

*Í menntamálaráðuneytinu, 21. febrúar 1974.*

**Magnús T. Ólafsson.**

*Birgir Thorlacius.*

Nr. 218.

21. febrúar 1974.

## AUGLÝSING

um náttúruvætti.

Samkvæmt heimild í 22. gr. laga nr. 47/1971, um náttúruvernd, hefur Náttúruverndarráð fyrir sitt leyti ákveðið að lýsa náttúruvætti steininn Steðja (Staupasteinn) á Skeiðhól í Hvalfirði ásamt næsta umhverfi.

Mörk náttúruvættisins eru þessi:

Brún Skeiðhóls frá austurenda við veg þvert í brekkufót og vestur með honum til móts við vesturenda hólsins. Þaðan með hábrún hans að austurmörkum.

